

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/514
komudagur 30.11.2010



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2010

Tilvísun: 2010050033/90.12

JH/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 11.11.2010.

Efni: Umsögn um grunngerð landupplýsinga, 121. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir athugasemdum Vegagerðarinnar við frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga.

Vegagerðin telur mjög brýnt að Inspire tilskipunin verði innleidd sem fyrst og aðgengi að landupplýsingum milli stofnanna verði aukið til muna frá því sem nú er. Vegagerðin heldur utan um nokkur gagnasett sem heyra undir viðauka Inspire tilskipunarinnar, s.s. vegakerfið, fastmerki, upplýsingar um jarðefni o.fl. og hefur áhuga á því að gera þau gögn aðgengileg almenningsi og stofnunum.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um eftirfarandi: „Lög þessi taka til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda“. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er nánar skýrt hvað það þýðir að stafrænar upplýsingar séu á vegum stjórnvalda. Þar segir:

„Með orðalaginu „á vegum“ er átt við stafræn gögn sem stjórnvöld nýta í verkefnum sínum án þess að eiga gögnin eða bera ábyrgð á þeim.“

Ýmis einkafyrirtæki munu eiga landupplýsingar sem opinberar stofnanir telja hag í að nýta sér og þessi grein má ekki verða þess valdandi að kaupa þurfi upp eignarétt slíkra landupplýsinga þótt afmörkuð afnot séu til hagsbóta fyrir viðkomandi opinbera stofnun. Það gæti haft í för með sér töluverðan kostnaðarauka fyrir einstaka stofnanir. Skilningur Vegagerðarinnar er sá að hér sé gerð krafa um að stofnanir kaupri eignarétt á gögnum, enda segir eftirfarandi í athugasemd við 2. gr. laganna:

„Hins vegar er ljóst að dæmi eru um að stjórnvöld hafi ekki leyfi til opinberrar birtingar landupplýsinga vegna samninga við einkaaðila sem hafa undanskilið þann rétt sérstaklega í leyfissamningum, sbr. 3. gr. höfundalaga. Með frumvarpinu eiga slík tilvik að verða úr sögunni þar sem stjórnvöld verða að haga samningum um kaup á landupplýsingum með [þeim] hætti að heimilt verði að birta þau og gera aðgengileg í landupplýsingagátt, sbr. 5. gr.“

Eins og áður segir þá má gera ráð fyrir því að um töluverðan kostnaðarauka verði að ræða fyrir einstaka stofnanir þar sem vænta má að verðlagning slíkra gagna verði mun hærrí ef stofnun er gert að leyfa niðurhal á gögnum sbr. 5. gr.



Sé þessi skilningur rangur, þá er ljóst að breyta þarf orðanotkun þannig að orðalag laganna valdi ekki misskilningi.

Skilningur Vegagerðarinnar er sá að Inspire tilskipunin taki eingöngu til gagna sem verða til hjá viðkomandi stofnun en ekki til gagna sem eru leigð til lengri eða skemmri tíma.

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri